

79. fundur

Fræðslunefnd hélt fund mánudaginn 11. desember 2006 kl. 17.15 í Ráðhúsinu. Mættir voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Gísladóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Sesselja Kristinsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Elín G. Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.
Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk.
Í morgun barst tilkynning frá Námsmatsstofnun um að niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk verði póstlagðar í næstu viku til grunnskólans.
Starfsmannamál
Það styttist í að Elísabet Valdimarsdóttir komi til starfa að afloknu veikindaleyfi en hún kemur til starfa um áramót en hluti af hennar starfi mun deilast á aðra fyrst um sinn. Guðrún Erna Magnúsdóttir lýkur þá forfallakennslu að sinni. Hallfreður Lárusson er einnig að koma til starfa eftir veikindaleyfi nú í desember. Guðmundur Teitsson mun þá um leið ljúka starfi sínu sem afleysingamaður Hallfreðs.
Mentor
Skólastjóri ræddi ábendingu varðandi Mentor í Stykkishólmspóstinum sl. fimmtudag og kvaðst ánægður með að foreldrar fylgjast með og gott að fá þarfar ábendingar.
Frelsið
Sýningin fer vel af stað og sýnir hve öflugir krakkar þetta eru og verkefnið gott dæmi um gott samstarf á milli grunnskóla og tónlistarskóla. Foreldrum er einnig þakkað gott samstarf en foreldrahópur hefur verið virkur í starfinu.
Skólalok 2006 – skólabyrjun 2007.
Skólalok verða með litlum jólum þriðjudaginn 19. desember nk. og hefst þá jólafrí.
Kennsla hefst skv. stundaskrá miðvikudaginn 3. janúar.
Gerð fjárhagsáætlunar
Skólastjóri lýsti ánægju sinni með þá ákvörðun bæjarráðs að koma í heimsókn til stofnana við undirbúningsvinnu fjárhagsáætlunar. Áhersla er lögð á að halda sama tímafjölda og áður og að skólalóðirnar verði endurbættar.

Formaður ræddi Mentor og ábendingar. Ræddi söngleikinn Frelsi og lýsti ánægju sinni með sýninguna. Ræddi einnig skólalóðirnar og fjárhagsáætlanagerð. Tók undir orð skólastjóra varðandi heimsókn bæjarráðs á vettvang.

Fyrirspurn kom fram um leikritið varðandi uppgjör þar sem sótt var um styrki til fyrirtækja og þess háttar. Skólastjóri greindi frá því að tækjakaup hefðu í ár verið umtalsverð og þess vegna hefði verið ákveðið að safna fyrir þeim tækjum sem þurfti til viðbótar við stóra hljóðkerfið og munu nýtast við hina ýmsu viðburði í bænum í framtíðinni. Umræður urðu um leiklistina og leiklistarval almennt og möguleikana sem eru til staðar.

Einnig varð umræða um Mentor og muninn á því að kennarar séu virkir eða óvirkir við notkun á kerfinu.

b) Elísabet flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Flutningar á Búðanesveginn

Verktakinn, Skipavík, á að afhenda nýjan leikskóla fullkláraðan 20. desember og eins og er bendir ekkert til þess að það muni ekki standast. Stefnt er að því að flytja á milli jóla og nýárs og ef allt gengur eftir að hafa lokað í leikskólanum föstudaginn 29. desember og þriðjudaginn 2. janúar. Opna svo á nýjum stað 3. janúar.

Aðlögun fyrir börnin er hugsuð á þann veg að síðdegis 2. janúar verði börnum boðið með foreldrum sínum að taka þátt í smá flutningum af gamla staðnum á þann nýja og skoða svo bygginguna í rólegheitum saman, þannig að börnin veðri tilbúnari til að hefja nýjan skóladag, á nýjum stað, á nýju ári.

Opið hús

Stefnt er að því að hafa opið hús á nýja staðnum fljótlega eftir að starfið þar hefst. Það verður líklega á opnunartíma, svo unnt verði að sjá börnin í leik og starfi.

Aðventan

Aðventan er með hefðbundnu sniði í ár með jólaföndri foreldrafélagsins, sameiginlegri kirkjuferð leikskólans og yngri bekkja grunnskólans og litlu jólonum þar sem elstu börnin flytja helgileikinn í síðasta sinn í þessu húsnæði. Leikskólabörn fara einnig í jólasöngheimsóknir á dvalarheimilið og sjúkrahúsið þar sem nágrannasamstarfið hefur verið með miklum ágætum. Við flutningana verður þarna einhver breyting á og nk. föstudag 15. desember verður farið og sungið í síðasta sinn fyrir flutninga og er börnunum boðið upp á hressingu á sjúkrahúsinu á eftir. Einnig er stefnt að jólaheimsókn í Norska húsið fyrir jólin.

Fljótlega verður farið að skreyta jólatréð í leikskólanum en allt skraut á því (fyrir utan ljósaseríuna) er útbúið af börnunum, nýtt á hverju ári. Þeim sem leið eiga um leikskólann er bent á að kíkja á tréð.

Velvilji bæjarbúa

Síðustu vikur hefur starfsfólk leikskólans fundið fyrir góðum straumum og velvilja bæjarbúa gagnvart því starfi sem fram fer í leikskólanum og vill starfsfólk þakka þann áhuga og góðvild sem starfsemi hefur verið sýnd á þessum tímamótum.

Formaður ræddi nýja húsnæðið og flutningana. Umræður urðu um þessi tímamót í sögu leikskólans og hefðir og venjur og gamla hluti sem eru til í leikskólanum. Reynt verður að halda í þær hefðir sem hægt er og eins verður fullt af gömlu dóti flutt með ásamt því að það verður fullt af nýju dóti.

2. Húsnæði grunn- og tónlistarskóla.

Formaður ræddi stöðu mála í þessum málaflokki. Vinnuhópur um húsnæði grunn- og tónlistarskóla hefur haldið þrjá vinnufundi núna í haust og þar hefur ýmislegt komið fram. Þarna er í spilunum að hafa grunnskóla, tónlistarskóla og jafnvel bókasafn og aðstöðu fyrir félagsstarf og fleira en niðurstöður úr þessari vinnu verða í skýrslunni sem verður skilað um vinnu hópsins í byrjun nýs árs.

Formaður gaf orðið laust um málið.

Skólastjóri ræddi að vinnan innan grunnskólans muni halda áfram núna eftir áramótin varðandi skipulagningu skólastarfsins sem á að fara fram á þessum vettvangi og hefur verið skipaður stýrihópur innan skólans sem mun vinna að

Þessum málum áfram á komandi mánuðum. Svipuð vinna mun fara fram í Tónlistarskólanum á komandi mánuðum.
Umræður urðu um málið og ánægja kom fram með þessa vinnu og verklagið sem er viðhaft.

3. Önnur mál – engin.

Fundargerðin upplestin og hún samþykkt.
Fundu slitið kl. 18.05.